



Námsáætlun

JARÐ2jí05 vorönn 2021-fjar

Kennari: Sigurkarl Magnússon

Kennslugögn: ALMENN JARÐFRÆÐI eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. IÐNÚ 2008. Ítarefni á INNU.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01.1-5. mars	Jarðvísindi, vísindalegar kenningar, heimsmýnd öfl.	Verkefni 1	
02. 8-12. mars	Myndun Íslands öfl	Verkefni 2	
03. 15.-19 mars	Jarðskjálftar	Verkefni 3	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 22.-26. mars	Bergfræði	Verkefni 4	Námsmatsdagur 19. mars
05. 29. mars-6. apríl	Kvika og hraunkvika	Verkefni 5	Miðannarmat
7.-9. apríl			Páskafrí
06. 12.-16. apríl	Eldvirkni	Verkefni 6	
08. 19.-23. apríl	Eldvirkni	Verkefni 7	
09. 26.-30. apríl	Grunnvatn og jarðhiti	Verkefni 8	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
10. 03-07. maí	Útræn öfl/landmótun	Verkefni 9	Námsmatsdagur 28.apríl
11. 10.-14. maí	Útræn öfl/landmótun	Verkefni 10	
12. 17.-18. maí	Útræn öfl/landmótun		Uppstigningardagur 13. maí

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Breytingar geta orðið á námsáætlun

Námsmat:

1. Lokapróf gildir 50%
2. Verkefni af ýmsu tagi 50%, þ.á.m. vikuleg verkefni 30%, fyrirlestrar 10% og skýrslur 10%



Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 4,5 úr lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn, sem reiknuð er úr öllum námsþáttum.

Próf/sjúkrapróf. Ef nemandi kemst ekki í próf vegna veikinda eða annarra forfalla ber honum að tilkynna það á skrifstofu skólans samdægurs.

Verkefnaskil. Verkefnum skal skilað fyrir auglýstan skilafrest sem birtur er á Innu. Dregið er niður um 1,0 fyrir hvern dag sem skil dragast í þrjá daga. Eftir það er ekki tekið við verkefninu og nemandi fær einkunnina 0. Ekki er tekið á móti verkefnum í tölvupósti. Nemandi sem sannarlega getur ekki skilað verkefnum á réttum degi vegna veikinda eða annara lögmætra forfalla skal tilkynna kennara það FYRIR skilafrest og verður þá hvert tilfelli skoðað nánar.

Námsferðir. Nemendur fara sjálfir í stuttar skoðunar- og námsferðir og vinna skýrslur úr þeim.

Tilkynningar. Nemandi skal skoða Innu reglulega og fylgjast með sérstökum tilkynningum frá kennara er varðar heimanám, próf, skilafrest verkefna eða annað.

Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í jarðfræði.
- mismunandi berggerðum.
- helstu gerðum landmótunar.
- helstu gerðum eldstöðva og mismunandi eldvirkni þeirra.
- innrænum og útrænum öflum. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- lesa jarðfræðikort og loftmyndir.
- geta beitt algengustu hugtökum jarðfræðinnar og skýrt myndun og gerð landsins.
- útskýra myndun mismunandi landsvæða af völdum innrænna og útrænna aflu.
- afla sér heimilda um jarðfræðileg viðfangsefni Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- leggja sjálfstætt mat á jarðfræðilegar upplýsingar
- hafa skilning á umhverfi sínu og geti beitt lögmálum jarðfræðinnar til að þekkja mótun og myndun landslags.
- ná sér í upplýsingar, sem hann getur lagt vísindalegt mat á og miðlað til annarra.